

Til fræðsluráðs Hafnarfjarðar
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 23. september 2014

Efni: Erindi foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði til fræðsluráðs um framtíðarskipan skólans.

Hafnarfjörður er fæðingarbær Hjallastefnunnar, en leikskólinn Hjalli hóf starfsemi fyrir 25 árum, 25. september árið 1989. Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði (BSKH) hóf starfsemi haustið 2006, þá sem útibú frá Barnaskólanum í Garðabæ. Frá haustinu 2007 hefur skólinn verið rekinn sem sjálfstæður skóli. Nemendafjöldi við skólann er nú 123 börn.

Í skýrslu Námsmatsstofnunar frá hausti 2013, sem ber heitið *Grunnskólar í Hafnarfirði: Samanburðargreining á námsárangri samkvæmt samræmdum prófum og PISA rannsókn*, kemur berlega í ljós að árangur nemenda í 4. bekk BSKH í íslensku og stærðfræði er býsna góður í samanburði við landsmeðaltal. Tveir hafnfirskir skólar standa upp úr og mælast best í skýrslunni, en það eru Setbergsskóli og BSKH. Nemendur BSKH skora hæst Hafnfirðinga í stærðfræði og eru rétt á eftir vinum sínum í Setbergsskóla í íslensku (sjá nánar í fylgiskjali).

Barnaskóli Hjallastefnunnar fer eftir aðalnámskrá. Ljóst er, að til að uppfylla þær kröfur sem þar eru gerðar, verða húsnæðismál skólans að komast í betra horf. Það er því lögboðin skylda skólans, sem og bæjarins, að vinna sameiginlega að því að tryggja að allur sá aðbúnaður og aðstaða, sem nauðsynleg er, sé fyrir hendi fyrir nemendur skólans. Leysa þarf húsnæðismál skólans til frambúðar. Við hvetjum bæjaryfirvöld til þess að líta með opnum huga á öll þau tækifæri sem standa til boða í þeim eftum.

Síðastliðið vor undirrituðu BSKH og fræðsluráð þjónustusamning sem fól í sér fjölgun nemenda við skólann, úr 92 í 123 nemendur. Eftirspurn eftir skólaplássi er meiri en framboð en þetta gerði að verkum að tveir 1. bekkir gátu hafið skólagöngu, sem voru þeir nemendur sem luku leikskólagöngu í leikskólanum Hjalla. Fjölda umsókna var hafnað. Þjónustusamningurinn fól einnig í sér að unnt var að bjóða í fyrsta sinn upp á miðstig eða 5. bekk. Foreldrar barna við BSKH og Hjallastefnan hafa mikinn áhuga á að tryggja áframhaldandi uppbyggingu miðstigs. Við hvetjum því bæjaryfirvöld til að gera varanlegan þjónustusamning við Hjallastefnuna þar um.

Árið 2000 gerði Hafnarfjarðarbær tímamótasamning við Hjallastefnuna um rekstur leikskólans Hjalla. Sá samningur hefur verið notaður víða um land sem grundvöllur samninga milli sveitarfélaga og sjálfstætt starfandi leikskóla. Nú hefur Hafnarfjarðarbær aftur tækifæri til að taka frumkvæði á landsvísu með því að gera sambærilegan samning á næsta skólastigi. Foreldrar barna í BSKH hafa greitt skólagjald með börnum sínum, sem notað er til þess að standa straum af kostnaði við skólabygginguna og rekstur skólastarfssins. Þetta fyrirkomulag stríðir gegn almennri réttlætiskennnd og þeirri hugsjón sem Hjallastefnan byggir á, jafnræði á meðal barna. Með því að semja við

Hjallastefnuna um kennslu barna án skólagjalds frá foreldrum myndi Hafnarfjarðarbær skipa sér í forystusveit sveitarfélaga sem viðurkenna fjölbreytni og jafnræði í skólastarfi.

Það er ósk okkar að Hjallastefnan sé stolt Hafnfirðinga. Hafnarfjörður hafði kjark og þor til að fóstra Hjallastefnuna meðan hún sleit sínum frumkvöðlaskóm. Nú er tími kominn til að stíga næsta skref, en það er að gera Barnaskóla Hjallastefnunnar að raunverulegum valkosti fyrir alla bæjarbúa sem þess óska, þannig að litið verði á skólann sem hluta af grunnskólam Hafnarfjarðar til frambúðar.

Foreldrafélag BSKH er tilbúið til að aðstoða eins og kostur er, við þá vinnu og skipulagningu sem framundan er, sé þess óskað.

Virðingarfullst,
F.h. foreldrafélags BSKH

Asta Kristjansdóttir
Ásta Kristjánsdóttir

Lilja M. Olsen
Lilja Margrét Olsen

Fylgiskjal:

Skýrsla námsmatsstofnunar: *Grunnskólar í Hafnfirði: Samanburðargreining á námsárangri samkvæmt samræmdum prófum og PISA rannsókn.*

Afrit:

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnfirði.
Áslaug Hulda Jónsdóttir, frkv.stj. Hjallastefnunnar.
Margrét Pála Ólafsdóttir, stj.formaður Hjallastefnunnar.